



Umsögn

miðstjórnar ASÍ um ályktun ASÍ-UNG og fjallar um tillögu að greiðslum til handa formanni ASÍ-UNG

Tillagan er send miðstjórn með vísan til 2.mgr. 24.gr. laga ASÍ þar sem segir: „Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.“

Miðstjórn telur mikilvægt að reynt verði að koma til móts við sérstöðu ungs fólks og leggur áherslu á að hægt verði að leita leiða til að auðvelda formanni ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af krafti.

Miðstjórn leggur til að tillögunni verði eftir fyrstu umræðu á þingi ASÍ, vísað til laga- og skipulagsnefndar þingsins. Miðstjórn leggur til að ályktuninni verði að fengnu samþykki eftir aðra umræðu, vísað til efnislegrar meðferðar, til miðstjórnar og launanefndar ASÍ til frekari útfærslu í samráði við stjórn ASÍ-UNG með það fyrir augum að skoða hvort og hvernig endurskoða þurfi þær greiðslur sem þegar eru inntar af hendi í dag til formanns ASÍ-UNG. Þær greiðslur eru vegna útlagðs kostnaðar og vinnutap vegna beinnar fundarsetu. Hugsanlega megi taka upp annað fyrirkomulag sem byggi þá á skilgreindum verkefnum formanns ASÍ-UNG.